



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	3. mars 2024	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Yfirlit

- Skjálftavirkni við Sýlingarfell vegna kvikuhlaups sem hófst um kl.16 í gær hjaðnaði jafnt og þétt eftir kl.18 og var að mestu lokið eftir kl 20.
- Gögn benda til þess að kvikuhlaupið í gær hafi stöðvast við Hagafell.
- Líkur á eldgosu úr þessu kvikuhlaupi telst ólíklegt.
- Magn kviku sem hljóp í gær virðist eftir fyrstu mælingar hafa verið óverulegt miðað við fyrri kvikuhlaup á svæðinu.
- Reiknað er með að annað kvikuhlaup geti átt sér stað næstu daga.
- Áfram eru auknar líkur á eldgosu næstu daga.
- Hættumatskort Veðurstofu Íslands hefur verið uppfært, það er aftast í skýrslunni.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum mun meta hvort aðgengi að rýmum svæðum verður endurskoðuð kl 15:00 í dag.

Upplýsingar frá Samhæfingarstöð

Uppfært 3. mars kl 14:00

Veðurstofa upplýsir Almannavarnir kl 13:00 um að þeir sjá einhver merki í rauntíma gögnum að kvika gæti leitað upp á yfirborðið. Enginn órói ennþá, en VÍ heldur áfram að vakta stöðuna. Deildarstjóri og lögreglustjóri uppl. Lögreglustjóri ætlar að doka með opnun meðan þetta gengur yfir.

Upplýsingar frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum

Uppfært 3. mars kl 13:00

Fylgst er með störfum sérfræðinga á Veðurstofu Íslands en rétt í þessu tók gildi nýtt hættumatskort sem gildir til nk. þriðjudags. Hvað varðar aðgengi að rýmum svæðum þá þurfum við að sjá betur inn í daginn með framhaldið. Staðan að þessu leyti verður endurmetin kl. 15 í dag.

Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands

Uppfært 3. mars kl 10:20

Veðurstofa Íslands hefur uppfært hættumat vegna jarðhræringanna á Reykjaneskaga. Í ljósi þróunar á virkninni frá því í gær hefur hættustig verið lækkað á tveimur svæðum – svæði 2 og 3. Hættustig er óbreytt á öðrum svæðum og er hættumatið nú það sama og var í gildi fyrir atburðarás gærdagsins.

Hættumatið gildi frá því kl.13:00 í dag, 3. mars, til þriðjudagsins 5. mars kl. 15:00, að öllu óbreyttu. Hættumatskortið má finna aftast í stöðuðskýrslunni.



Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands Uppfært 3. mars kl 10:20

Skjálftavirkni við Sýlingarfell vegna kvikuhlaups sem hófst um kl.16 í gær hjaðnaði jafnt og þétt eftir kl.18 og var að mestu lokið eftir kl 20.

Gögn benda til þess að kvikuhlaupið í gær hafi stöðvast við Hagafell. Líkur á því að kvika komi upp í tengslum við þetta kvikuhlaup hafa minnkað, en áfram verður náði fylgst með svæðinu hvað þann möguleika varðar.


Líkanreikningar sýna að magn kviku sem hljóp frá Svartsengi í gær hafi verið óverulegt miðað við fyrri kvikuhlaup sem enduðu með eldgosi. Því er hægt að líta svo á að kvikusöfnun haldi áfram undir Svartsengi líkt og áður.

Reikna þarf með að annað kvikuhlaup geti átt sér stað næstu daga og áfram eru auknar líkur á eldgosi líkt og fyrir atburðarrás gærdagsins. Hversu langt er í næsta kvikuhlaup veltur á því hversu hratt þrýstingur vegna kvikusöfnunar undir Svartsengi byggst upp til að setja það af stað. Merki um nýtt kvikuhlaup væru líkt og áður ákóf smáskjálftahrina á svæðinu.

Í ljósi þessa vinnur Veðurstofan að nýju hættumati sem verður uppfært á næstu klukkustundum.

Líkleg atburðarrás næstu daga:

- Kvikumagn undir Svartsengi heldur áfram að aukast sem gæti endað með nýju kvikuhlaupi og jafnvel eldgosi
- Eldgos gæti hafist með mjög stuttum fyrirvara, jafnvel innan við 30 mínútur
- Líklegast er að gos komi upp á svæðinu milli Stóra-Skógfells og Hagafells




Mynd 1 Línuritíð sýnir samanburð á magni af kviku sem safnast hefur undir Svartsengi áður en kvika hleypur yfir í Sundhnúksígáaröðina. Staða kvikusöfnunar 2. mars eftir kvikuhlaupið er merkt með rauðu. Magnið er fengið með líkanreikningum byggt á GPS gögnum og er háð óvissu.

Frá Ferðamálastofu Uppfært 2. mars kl 19:00

Fulltrúi Ferðamálastofu fylgist með gangi mála á meðan að þessi óvissa er í gangi.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099.



Mynd 2 Hættumatskort Veðurstofu Íslands 15. febrúar 2024 https://www.vedur.is/media/uncategorized/Haettusvaedi_VI_3mars_2024.png